

12. 5. Hvernig ber að bregðast við slysum og öðrum óhöppum?

Ef barn slasast inni á deild eða á útisvæði er mikilvægt að aðeins einn starfsmaður taki sig að barninu. Sárið skoðað eða viðkomandi hafi samband við leikskólastjóra og eða deildarstjóra. Þegar greining er komin á meiðslum er haft samband við foreldri og það fer með barnið á slysadeild ef með þarf. Mikilvægt er að foreldri fái að vita af meiðslum strax, þannig að það gleymist ekki að koma upplýsingunum til foreldra.

Gera þarf slysaskýrslu sem er í möppu hjá leikskólastjóra merkt slys og óhöpp. Skýrslan er síðan ljósrituð og afrit sett í hólfi barnsins, frumrit fer í möppuna.

12. 5. 1. Viðbragðsáætlun er upp koma alvarleg áföll eða slys.

Samráðsteymið skal bregðast fúmlaust og ákveðið við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og eða/ sorgarviðbrögð.

Samráðsteymið skal funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið.

Samráðsteymið skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig skuli bregðast við áföllum.

Samráðsteymi skal sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og hjálp.

Þegar leikskólastjóri heyrir af áfalli :

- Leikskólastjóri hefur samband við deildarstjóra og annað starfsfólk ef kostur er á.
- Deildarstjórar passa að allir starfsmenn á deildinni fái upplýsingarnar. Einhverjir geta verið farnir heim.

- *Leikskólastjóri hringja í skólaskrifstofu og tilkynnir yfirmanni sínum (Magnúsi Baldurssyni) um ástandið.*
- *Blaðamönnum er þá vísað á skólaskrifstofu.*
- *Ef senda þarf út bréf til foreldra er mikilvægt að merkja bréfið hverju barni þannig að enginn gleymist. Jafnframt næst yfirsýn yfir þá sem ekki hafa fengið bréfið ef einhver er. Þá þarf að hringja í viðkomandi aðila og veita upplýsingarnar af blaðinu. Jafnvel biðja foreldra að nálgast blaðið.
(Fer eftir eðli málsins -hverjar upplýsingarnar eru.)*
- *Starfsfólk veiti ekki upplýsingar út á við nema í samráði við leikskólastjóra.*
- *Gott er að halda foreldrafund að kvöldi þar sem öllum upplýsingum verður komið til foreldra þá þarf fundinum að vera stjórnað af fagaðilum. Læknum og eða sálfræðingum.*

Áföll

- *Alvarlegt slys (barna, aðstandanda þeirra eða starfsfólks.*
- *Alvarleg veikindi barna, aðstandanda þeirra eða starfsfólks.*
- *Langvinnir sjúkdómar barns, aðstandanda þess eða starfsfólks.*
- *Andlát barns, aðstandanda þess, starfsfólks eða aðstandanda starfsfólks.*
- *Ofbeldi gegn barni.*
- *Kynferðisbrot gegn barni.*
- *Að auki: þroskafrávik, vanræksla, foreldrasamskipti, hegðunarerfiðleikar, kennsluumhverfi, einelti, o.fl.*
- *Vegna breyttra fjölskylduaðstæðna samstarfsfélaga s.s.skilnaður, vímuefnaneysla, atvinnuleysi o.fl.*

Börnin

Langvinnir sjúkdómar/ alvarleg veikindi barna

Hvernig skal bregðast við

- *Viðkomandi starfsfólki og börnum er greint frá ef barn þarf að vera langdvölum burtu frá leikskóla vegna veikinda. Talað við börnin í minni hópum.*
- *Samráðsteymi og deildarstjóri ákveða hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið þurfi að vinna með viðkomandi deild.*
- *Athuga skal hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.*
- *Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum, m.a. getur deildin sent kveðju.*
- *Kveikt á kerti og hugsað fallega til barnsins.*
- *Ef barn er heima frá mánudegi fram á föstudag, starfsmaður hafi þá samband og athugi um líðan barnsins.*

Alvarlegt slys á barni

Slys sem verður í leikskólanum

- *Slasist barn í leikskólanum, alvarlega á dvalartíma skal hafa samband við neyðarlínuna 1-1-2 og skal leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri eða deildarstjóri hafa samband við forráðamenn barnsins.*
- *Aðilar úr samráðsteymi leikskólans ásamt deildarstjóra ræða við starfsfólk og börn sem tengjast málinu.*
- *Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr leikskólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum heim með börnunum eða hringja.*
- *Sýni fjölmiðlar áhuga er leikskólastjóri eða staðgengill hans **eini tengiliður leikskólans við þá. Allir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar.***

Sjúkrabíll kallaður til

- Hafa samband við neyðarlínuna 1-1-2
- Kalla til skólastjórnendur
- Tekið á móti sjúkrabíl

Slys sem verða utan skólatíma

- *Samráðsteymi fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við.*
- *Viðkomandi starfsfólki er tilkynnt um slysið. Börnum sagt frá hver hafi slasast og hvar viðkomandi barn sé.*

Næstu dagar

- *Deildarstjóri, ásamt samráðsteymi, sér til þess að upplýsingar um líðan barns berist til leikskólans.*
- *Deildarstjóri upplýsir samstarfsfélaga og börn.*
- *Athuga skal hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.*
- *Sýna atburðinum virðingu án þess að velta sér upp úr honum m.a. getur deildin sent kveðju.*
- *Kerti.*

Þegar nemandinn kemur aftur í skólann

- *Undirbúa þarf alla deildina undir hvernig taka skuli á móti barninu þegar það kemur aftur í leikskólann, en það getur auðveldað því endurkomuna.*
- *Hópstjóri veitir viðkomandi barni sérstaka athygli næstu vikur.*

Andlát barns

- *Leikskólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið.*
- *Samráðsteymi kallað saman auk sóknarprests, óháð tíma og dagsetningu, á stuttan fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð leikskólans.*

Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- *Gæta skal þess að náin skyldmenni hins látna sem er við nám og störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.*
- *Leikskólastjóri tilkynnir starfsfólki leikskólans dauðsfallið eins fljót og mögulegt er.*
- *Leikskólastjóri hafi samband við fagaðila varðandi áframhaldandi aðgerðir. Hlúð er að börnunum á deildinni eins og hægt er með aðstoð starfsfólks. Haft verður fullt samráð við viðkomandi fjölskyldu. Tillit verður tekið til trúarbragða viðkomandi fjölskyldu.*
- *Kveikt á kerti og sóknarprestur talar við börnin og biður stutta bæn.*
- *Leikskólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna starfsfólki og börnum andlátíð og næstu skref hafa verið ákveðin.*

Vinna á viðkomandi deild sama dag

- *Forráðamönnum barnanna er tilkynnt um atburðinn munnlega eða með símhringingu.*
- *Mikilvægt er að samráðsteymi leikskólans athugi hvaða börn voru ekki mætt í leikskólann þennan dag svo hægt sé að hringja til forráðamanna þeirra.*
- *Æskilegt að deildarstjóri sé á deildinni það sem eftir er skóladags.*
- *Börnunum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn (lífið og dauðann).*
- *Sóknarprestur og skólastjórnendur og/eða skólasálfræðingur aðstoða ef þörf er á.*

Í lok dagsins skal fundað með samráðsteymi ásamt deildarstjóra, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi barns með samúðarkveðju næstu daga á eftir.

Vinna á viðkomandi deild næstu daga

- *Kveikt á kerti að morgni og það látið loga fram yfir jarðaför.*

- *Deildin útbýr samúðarkveðjur og/eða skrifar minningargrein. Einnig geta börnin teiknað myndir, skrifað bréf, ljóð eða sögur.*
- *Eigur barnsins eru fjarlagðar smátt og smátt af deildinni, fatahólfíð tæmt og allt sett í kassa merktum barninu.*
- *Börnunum leift að tjá tilfinningar sínar og koma með eigin reyngslusögur*
- *Sorginni gefinn tími.*
- *Hefðbundið skólastarf hefjist sem fyrst.*
- *Skólastjórnendur, hópstjórar og þeir sem tengst hafa barninu verða við jarðaförina.*

Aðstandendur

Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda barna

- *Skólastjórnendur eða deildarstjóri fá staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamanni barns.*
- *Upplýsingum komið til starfsmann deildanna sem fyrst auk annarra sem málið varðar.*
- *Samráðsteymi fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.*
- *Aðilar úr samráðsteymi aðstoða deildarstjóra við að undirbúa deildina undir að taka á móti barninu, ef barnið hefur verið frá leikskóla í einhvern tíma. Það auðveldar barninu endurkomu.*

Andlát foreldra/systkina barna

- *Leikskólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn.*
- *Deildarstjóra barnsins tilkynnt um dauðsfallið.*
- *Samráðsteymi kallað saman þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð starfsfólks leikskólans.*

Ath! Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir forráðamenn nemandans til samþykkis og mikilvægt er að hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- *Deildarstjóri kemur upplýsingum til starfsfólks á deildinni.*

- *Deildarstjóri stjórnar áframhaldandi vinnuá deildinni og getur hann hvenær sem er leitað aðstoðar annarra í samráðsteyminu.*

Starfsfólk leikskólans

Alvarleg veikindi aða slys starfsmanns leikskólans

Leikskólastjóri/ samráðsteymi ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli veikindi/slysið.

Andlát starfsmanns skólans

- *Leikskólastjóri leitar upplýsinga um andlátíð.*
- *Samráðsteymi kallað saman og tekur ákvörðun um næstu skref.*
- *Samráðsteymi upplýsir allt starfsfólk um andlátíð.*
- *Samráðsteymi leikskólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru.*
- *Samverustund með öllu starfsfólki og sóknarpresti eða öðrum sérfræðingi samdægurs eða eins fljótt og unnt er.*
- *Gæta þarf þess að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.*
- *Samráðsteymi ákveður hvernig tilkynna eigi börnunum um andlátíð.*
- *Samráðsteymi veitir deildinni stuðning og vinnur með henni næstu daga.*
- *Leikskólastjóri og samstarfsfélagi fara heim til nánustu aðstandenda starfsmanns með samúðarkveðju.*
- *Leikskólastjóri ásamt samstarfsfélaga eru viðstaddir útförina.*
- *Leikskólastjóri hefur samband við skólaskrifstofu um að leikskólanum sé lokað.*